

HIÐ ÍSLENZKA BÓKMENNTAFÉLAG

SKEIFUNNI 3B • 108 REYKJAVÍK • KT. 620169-7659 • Sími 588 9060 • FAX 581 4088 • NETFANG hib@islandia.is

Formaður fjárlaganefndar
Vigdís Hauksdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
15. maí 2015
Málsnr.: <u>1505064</u>
Málalokill: <u>0346</u>



Reykjavík 11. maí 2015

Hér með sendist formanni fjárlaganefndar erindi sem sent hefur verið mennta- og menningarmálaráðherra þar sem þess er æskt að framlag til Hins íslenska bókmenntafélags verði hækkað úr 7,2 milljónum króna eins og það er í núgildandi fjárlögum í 18 milljónir króna á fjárlögum fyrir árið 2016. Í bréfi félagsins til ráðherra ásamt fylgiskjölum er gerð nokkur grein fyrir ástæðum þess að farið er fram á þessa hækkun. Afrit af bréfinu til ráðherra og fylgiskjölunum fylgir þessu bréfi.

Á næsta ári, 2016, fagnar Hið íslenska bókmenntafélag 200 ára samfelldu starfsafmæli félagsins og jafnframt því að *Skírnir – Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* hafi komið út samfellt í 190 ár. Það ætti að vera metnaðarmál núlifandi kynslóðar að efla Bókmenntafélagið sem var svo mikilvægur starfsvettvangur þeirra manna sem hrundu af stað sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á fyrri hluta nítjándu aldar með þeirri grundvallarstefnu að reisa við sjálfstæðar menntir og menningu á Íslandi undir forystu Íslendinga sjálfra þannig að íslensk þjóðmenning yrði virkt afl í sókn þjóðarinnar til framfara og sjálfstæðis. Þessi stefna er enn í fullu gildi og þetta sögufræga félag og starfsemi þess hefur í sér fólgin menningararf sem er bæði vert og skylt að varðveita.

Vonir eru við það bundnar að unnt verði að fagna tveggja alda afmæli þessarar elstu menningarstofnunar landsins á næsta ári með veglegum hætti – ekki síst með öflugum útgáfustarfi. Til þess að gera þetta kleift þarf verulega aukið framlag til félagsins á fjárlögum 2016 svo að það geti haldið áfram af fullum krafti inn á þriðju starfsöld sína.

Ég leyfi mér að fara þess á leit að erindi þetta verði kynnt fyrir fjárlaganefndarmönnum og vænti þess að það fái góðar undirtektir.

Með virðingu

Jón Sigurðsson
forseti HÍB

Með fylgir afrit af bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra ásamt fylgiskjölum:
Fylgiskjal 1.: Greinargerð um Hið íslenska bókmenntafélag 2015
Fylgiskjal 2.: Hlutverk Hins íslenska bókmenntafélags
Fylgiskjal 3.: Talnayfirlit yfir ríkisframlög til HÍB 2004–2015

HIÐ ÍSLENZKA BÓKMENNTAFÉLAG

SKEIFUNNI 3B • 108 REYKJAVÍK • KT. 620169-7659 • Sími 588 9060 • FAX 581 4088 • NETFANG hib@islandia.is



Mennta- og menningarmálaráðherra
Illugi Gunnarsson
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólsögðu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2015

Með þessu bréfi leyfi ég mér fyrir hönd Hins íslenska bókmenntafélags að fara fram á að framlag úr ríkissjóði til félagsins verði hækkað úr 7,2 milljónum króna eins og það er í núgildandi fjárlögum í 18 milljónir króna á fjárlögum fyrir árið 2016. Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir ástæðum þess að farið er fram á þessa hækkun.

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað árið 1816 og hefur starfað óslitið síðan. Þess eru fá dæmi meðal annarra þjóða og einsdæmi hér á landi að frjálst félag geti státað af slíkri hefð og sögu. Það er tilgangur félagsins að styðja og styrkja íslenska tungu og bókvisi og menntun og heiður hinnar íslensku þjóðar, bæði með bókum og öðru eftir því sem efni þess fremst leyfa, eins og segir í lögum þess. Þetta hefur verið tilgangur félagsins í þau nær 200 ár sem það hefur starfað.

Um leið og rekin er í landinu blómleg bókaútgáfa sem ræðst af viðskiptalegum hagsmunum verður ætíð þörf fyrir forlag sem kappkostar að sinna því efni sem fremur er fallið til menningarauka en efnalegs ábata. Bókmenntafélagið er slíkt forlag eins og glögggt má sjá af þeirri greinargerð um starfsemi félagsins sem fylgir þessu bréfi (fylgiskjöl 1 og 2).

Fjölbreyttri útgáfustarfsemi Bókmenntafélagsins er ætlað að ala önn fyrir að skráðar verði bækur og prentaðar, er þarflegar virðast almenningi, og enn fremur efla vísindi Íslendinga á allan hátt, sem það best getur. Framundan bíða mörg verk til útgáfu. Hvað kemst í framkvæmd af verkefnum sem bíða ræðst vitaskuld af fjárhag félagsins sem er afar þröngur um þessar mundir, ekki síst vegna þess að framlög til félagsins á fjárlögum hafa hafa dregist mjög saman á síðustu árum.

Það er alkunna að brýna nauðsyn bar til að draga úr ýmsum útgjöldum ríkisins á árunum eftir 2008 vegna aðsteðjandi efnahagsvanda. Lækkun framlaga á fjárlögum til Bókmenntafélagsins hefur verið afar mikil á árunum eftir 2008. Á fjárlögum árunna fjögurra 2012–2015 nam árlegt framlag til félagsins 7,3 milljónum króna að meðaltali en hafði numið um 12,6 milljónum á ári næstu fjögur ár á undan, þ.e. árin 2008–2011. Sé síðan litið til næstu fjögurra ára þar á undan, þ.e. árunna 2004–2007, var framlagið ár hvert til jafnaðar um 13,5 milljónir króna það árábil. Þannig lætur nærri að í beinum krónutölum á verðlagi hvers árs hafi árlegt ríkisframlag til félagsins síðustu fjögur ár verið 40–45% lægra en það var árin átta þar á undan. Ef allar fjárhæðir eru færðar til sama verðlags, t.d. verðlags fjárlaga 2015, sést að niðurskurðurinn er mun hastarlegri þegar hann er metinn í sambærilegu verðgildi. Metið á þennan hátt er framlagið til Bókmenntafélagsins á fjárlögum 2015, sem er 7,2 milljónir króna, aðeins um 45% af því sem það var að meðaltali árin 2008–2011 og aðeins um 32% af

Greinargerð um

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
2015

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað árið 1816 og hefur starfað óslitið síðan. Það varð arftaki Hins íslenska lærdómslistafélags sem var stofnað 1779, en starfsemi þess hafði legið niðri í tvo áratugi þegar Bókmenntafélagið tók formlega við búi þess árið 1818. Þess eru fá dæmi meðal annarra þjóða og einsdæmi hér á landi að frjálst félag geti státað af slíkri hefð og sögu.

Í byrjun níttjándu aldar fram að stofnun Bókmenntafélagsins var mikil deyfð yfir starfsemi bókmennta- og fræðafélaga á Íslandi. Það er athyglisvert að íslensk tunga var hvergi kennd, bókmálið var oft mjög dönskuskotið, menntalíf og fræðaiðkun stóð höllum fæti, og bókaútgáfa var afar fátækleg. Helsti hvatamaður að stofnun félagsins var danskur lærdómsmaður, málfræðingurinn Rasmus Kristján Rask sem var viðfrægur af rannsóknum sínum og brautryðjandastarfi í málfræði. Rask hafði tekið ástföstri við íslenska tungu og fundið fyrir því að engin nothæf íslensk málfræði var til á bók. Rask þóttist gjörlla merkja af tali fólks í Reykjavík að þar yrði ekki talað íslenskt mál að hundrað árum liðnum og tungan útdauð með öllu í landinu eftir svo sem 200 ár ef ekki yrði við brugðist. Hann taldi hættu á því að þjóðin skiptist og sundraðist ef hluti hennar tæki upp tungu og siði annarrar þjóðar til þess að öðlast hlutdeild í stærri og framsæknari heild, en hinn hlutinn sæti eftir. Slíkur kloffingur boðaði ekki bjarta framtíð fyrir þjóðmenninguna. Til þess að bregðast við þessum horfum taldi Rask vænlegast að stofna félag „hvers tilgangur er [...] að útgefa allskonar bækur á íslenskri tungu”.

Stofnun Bókmenntafélagsins markaði gagngera breytingu á viðhorfi manna gagnvart íslenskri tungu og bókmenntum. Grundvallarstefna félagsins var að reisa við sjálfstæðar menntir og menningu á Íslandi undir forystu Íslendinga sjálfra, þannig að íslensk þjóðmenning yrði virkt afl í sókn þjóðarinnar til andlegra og efnalegra framfara og sjálfstæðis. Félagið naut þess líka á upphafsárum sínum að eftir stóráföll liðinnar aldar fór efnahagur þjóðarinnar batnandi. Batnandi hag fylgdi aukinn stórhugur og breytt menningarsýn með hinni rómantísku hreyfingu auk þess sem tæknibreytingar auðvelduðu bókaútgáfu. Félagið hóf því sannarlega göngu sína á réttum tíma.

Enda þótt félagið væri fátækt og vanmegna í upphafi óx það furðu ört og var alla níttjándu öld umsvifamestur útgefandi íslenskra bóka. Auk þess lét félagið til sín taka á ýmsum öðrum sviðum. Að frumkvæði Jónasar Hallgrímssonar skálds beitti félagið sér fyrir viðamikilli Íslandslýsingu og safnaði í því skyni ítarlegum greinargerðum embættismanna í einstökum héruðum. Til undirbúnings þessa verks var Jónas sjálfkjörinn. Hann vann að því þar til hann lést árið 1845. Því miður varð þessu mikla verki aldrei lokið, en lýsingar

einstakra sókna og sýslna hafa margar verið gefnar út sérstaklega og auk þess nýst til annarra verka, ekki síst í ritverki Þorvalds Thoroddsen sem Bókmenntafélagið gaf út með heitinu *Lýsing Íslands* I-IV, 1908-22. Félagið hafði áður gefið út eftir hann *Landfræðissögu Íslands* I-IV á árunum 1892–1904 og *Landskjálfta á Íslandi* 1899-1905.

Þegar á fyrsta starfsári sínu, 1816, hófst félagið handa við útgáfu bóka og tímarita og hefur sú starfsemi verið meginviðfangsefni þess síðan. *Sturlunga saga* var fysta ritið sem félagið gaf út, en *Árbækur Espólíns* fylgdu fast á eftir. Með þeim eignaðist þjóðin í fyrsta sinn samfellda sögu sína á liðnum öldum. Bókmenntafélagið hefur alla tíð sinnt sögu Íslands af sérstökum metnaði og hefur lagt mikla áherslu á útgáfu frumheimilda um land og þjóð. Eftir að Jón Sigurðsson forseti tók við stjórn Hafnardeildar félagsins árið 1851 hóf félagið að undirbúa útgáfu stórra safnrita um þau efni. Hið fyrsta þeirra er *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*, en útgáfa þess hófst 1853 og hélt áfram í sama formi til ársins 1993. Árið 1857 hófst útgáfa *Íslensks fornbréfasafns*. Útgáfu sextánda bindis þessa merka heimildasafns lauk hjá félaginu árið 1972.

Bókmenntafélagið beitti sér á fyrstu áratugum starfseminnar fyrir landmælingum og kortagerð af landinu. Félagið studdi landmælingar og kortagerð Björns Gunnlaugssonar og stóð fyrir útgáfu Íslandskorta hans. Stjórnvöld í Kaupmannahöfn studdu þetta framtak. Veðurathuganir tengdar Íslandslýsingu Jónasar voru á starfsskrá félagsins og nutu einnig stuðnings stjórnvalda. Félagið safnaði handritum með margvíslegum fróðleik víða um land og stuðlaði með öðrum að stofnun Landsbókasafns Íslands, Stiftisbókasafnsins eins og það var þá kallað, 1818. Bókmenntafélagið stóð að útgáfu *Tíðinda um stjórnarmálefni Íslands* 1853-1875 og *Landshagskýrslna fyrir Ísland* 1853-1875 en þau verkefni komust síðan í hendur stjórnvalda.

Samhengið í máli og menntum Íslendinga

Í órofnu samhengi tungu og bókmennta frá upphafi Íslandsbyggðar til okkar daga er fólgin sérstaða íslenskrar menningar; það er sjálf líftaugin í sögu þjóðarinnar. Þetta samhengi er hvorki tilviljun né heldur sjálfgefið – yfir því þarf að vaka og vera stöðugt á varðbergi. Þetta á ekki síður við nú en þegar Bókmenntafélagið var stofnað því að nú streymir í vaxandi mæli yfir landið margvíslegt og misjafnt efni á erlendum tungum í ólíkum myndum fjölmiðlunar. Bókmenntafélagið vill leggja sitt af mörkum til þessarar varðstöðu, en jafnframt tengja Íslendinga við hið besta í menntum og vísindalegri hugsun með öðrum þjóðum.

Í lögum félagsins er tilgangi þess lýst með svofelldum orðum:

Það er tilgangur félagsins að styðja og styrkja íslenska tungu og bókvísi og menntun og heiður hinnar íslensku þjóðar, bæði með bókum og öðru eftir því sem efni þess fremst leyfa.

Síðan segir:

Félagið skal í ljós leiða rit þau er samin hafa verið á íslensku og landinu sé sómi að, einkum þegar höfundar þeirra eru dánir og hættest er við, að þau muni tynast. Engu að

síður skal félagið ala önn fyrir að skráðar verði bækur og prentaðar, er þarflegar virðast almenningi, og enn fremur efla vísindi Íslendinga á allan hátt sem það best getur.

Þetta hefur verið tilgangur félagsins þær næstum tvær aldir sem það hefur starfað. Markmið almennrar útgáfustarfsemi félagsins er að koma á framfæri vönduðum ritum á sviði atvinnu- og menningarsögu, fornum sem nýjum, sem varpað geti ljósi á samhengi íslenskrar menningar, jafnt verkmenningar sem bókmenningar, auk þess sem horft er til framtíðar. Bókmenntafélagið er fræðafélag. Við stofnun þess merkti orðið bókmenntir hvers konar menntir sem bundnar eru við bækur og þá ekki síður fræði en skáldskap. Þessi skilningur ræður enn útgáfustarfi félagsins. Í aldarafmælisriti Bókmenntafélagsins 1916 dregur Björn M. Ólsen, forseti félagsins, saman í stuttu máli yfirlit yfir starfsemi þess. Hann segir :

Það hefur gefið út rit í ýmsum fræðigreinum, í heimspeki, guðfræði, félagsfræði, hagfræði, lögræði, stjórnfæði, málfræði, náttúruvísindum, læknisfræði, búskaparrit, fiskveiðirit og sögurit. Nafn þess er lagt við mæling landsins og uppdrátt þess. En sérstaklega hefur það lagt rækt við sögu landsins, tungu þess og bókmenntir, og þannig hefur það ómælt stutt að þjóðlegu innlendu menningarlífi jafnhliða því að veita andlegum straumum inn í hin alvarlegri viðfangsefni mannsandans.

Þessi lýsing á enn við, en vitaskuld eru aðstæður nú allt aðrar en voru fyrstu hundrað árin sem félagið starfaði. Þegar félagið var stofnað var íslenskt þjóðfélag snautt að mennta- og menningarstofnunum. Fábreytni þjóðfélagsins olli því að félagið sinnti lengi margvíslegum verkefnum sem ýmsar ríkisstofnanir og háskólastofnanir hafa síðan smám saman tekið við. Auk þess hefur útgáfustarfsemi í landinu á vegum hins opinbera og einkaaðila sem betur fer stórauðist. Þetta hefur eðlilega valdið því að Bókmenntafélagið skipar ekki lengur þann sess sem það hafði á nítjándu öld og á fyrstu áratugum hinnar tuttugustu, en það gegnir enn mikilvægu hlutverki í samræmi við tilgang sinn eins og honum er lýst í lögum þess. Hvað sem líður fjölda útgefna bókatitla á landinu skortir enn vandaðar bækur á íslensku um margvísleg efni, ekki eingöngu í þeim greinum sem taldar eru til þjóðlegs menningararfs, heldur í öllum greinum nútímaþekkingar. Bókmenntafélagið beinir kröftum sínum að því að draga úr þeim skorti.

Bókmenntafélagið má hiklaust telja eina helstu menningarstofnun Íslendinga alla nítjándu öldina. Þetta öndvegi skipar félagið ekki lengur, enda voru hin fjölbreyttu viðfangsefni á fyrstu öld þess til komin vegna fábreytni íslensks samfélags og stjórnkerfis þess á þeim tíma. Félagið varð í reynd ljósmóðir margvíslegra verkefna sem síðar urðu viðfangsefni sérhæfðra stofnana bæði á vegum hins opinbera og einkaaðila. En um leið og rekin er í landinu blómleg útgáfa sem ræðst af viðskiptahagsmunum verður ætíð þörf fyrir forlag er kappkostar að sinna því efni sem er fremur fallið til menningarauka en efnalegs ábata. Bókmenntafélagið er slíkt forlag.

Útgáfa Bókmenntafélagsins á síðari árum

Auk merkra safnrita gaf Bókmenntafélagið út á nítjándu öld og framan af hinni tuttugustu fjölda bóka af ýmsu tagi bæði af fræðilegum toga og fagurbókmenntir. Um miðja síðustu öld hafði dregið nokkuð úr starfsemi félagsins, en um og upp úr 1970 glæddist hún á ný og var auk útgáfu einstakra bóka stofnað til nokkurra nýrra ritraða. Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir hinni fjölbreyttu útgáfu félagsins á síðustu áratugum. Greint verður frá helstu ritröðum og bókaflokkum og einstökum bókum án þess að tilraun sé gerð til þess að lýsa útgáfustarfseminni til hlítar. Vonandi gefur þessi greinargerð mynd af þeirri fjölbreytni sem hefur einkennt útgáfu félagsins í forsetatíð Sigurðar Líndal sem hófst 1967.

Á síðustu áratugum hefur útgáfa félagsins fallið í þrígreindan farveg, (1) útgáfa Skírnis, (2) útgáfa Lærdómsrita Bókmenntafélagsins sem er stórmerk nýjung í starfsemi þess, (3) fjölbreytt útgáfa bóka í samræmi við gróinn tilgang félagsins.

1. *Skírnir – tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*

Skírnir er menningartímarit sem kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Félagið hóf útgáfu Skírnis 1826, og hefur hann því komið út samfelld í nær 190 ár sem er einsdæmi hér á landi og þótt víðar væri leitað. Framan af var Skírnir fréttarit, en frá 1905 hefur hann flutt fjölbreytt efni, ritgerðir og stuttar greinar um bókmenntir, sagnfræði, heimspeki, þjóðfélagsmál og stjórnmálafræði, vísindi, listir og þjóðlegan fróðleik auk ítarlegra ritdóma um bækur. Viðfangsefni eru einatt skoðuð í sögulegu og heimspekilegu ljósi, og leitast er við að brjóta til mergjar jöfnum höndum málefni samtíðar og liðins tíma með gagnrýnu hugarfari. Skírnir er nú elsta og eitt virtasta menningartímarit á Norðurlöndum. Ritstjóri Skírnis er nú Páll Valsson.

2. *Lærdómsrit Bókmenntafélagsins*

Lærdómsrit Bókmenntafélagsins hafa frá því að útgáfa þeirra hófst árið 1970 haft nokkra sérstöðu í útgáfu félagsins. Þar birtast öndvegisrit á sviði margvíslegra fræða sem markað hafa spor í sögu mannsandans. Flest eru ritin þýdd úr erlendum málum af sérfróðum mönnum. Hver þýðing er síðan vandlega yfirfarin af öðrum sérfræðingum til þess að tryggja að hinn íslenski búningur sé verkinu verðugur. Í ritröðinni eru umfram allt fræðarit, en jafnframt skáldskaparrit sem talin eru marka tímamót í sögu mannsandans. Lærdómsritin eru öll auðlesin upplýstum almenningi. Hverju þeirra er fylgt úr hlaði með ítarlegum inngangi ásamt skýringum á efni ritsins. Þýðendur og inngangshöfundar eru jafnan valdir úr röðum fremstu fræðimanna íslenskra á hverju fræðasviði. Með útgáfu ritanna vill Bókmenntafélagið leggja sitt af mörkum til þess að tengja Íslendinga við hið besta í menntum og vísindalegri hugsun í veröldinni og auðga um leið íslenska tungu og bókvísi. Fyrstu fimm ritin komu út árið 1970. Þau voru:

Albert Einstein: *Afstæðiskenningin*, ritgerð útgefin 1916.

Sigmund Freud: *Um sálgreiningu*, ritgerð útgefin 1909.

John Kenneth Galbraith: *Iðnríki okkar daga*, bók útgefin 1966.

John Stuart Mill: *Frelsið*, bók útgefin 1859.

Charles Percy Snow: *Valdstjórn og vísindi*, bók útgefin 1961.

Ritin fimm voru valin fyrst til útgáfu til þess að marka stefnu fyrir Lærdómsritin. Markið var þannig sett hátt í upphafi og sömu stefnu hefur verið fylgt eftir föngum í 45 ár. Meðal 86 Lærdómsrita (sjá meðfylgjandi skrá) eru íslenskar þýðingar á klassískum ritum fornaldar í Grikklandi og Rómaveldi ásamt ritum seinni alda sem telja má til áfanga í sögu mannsandans. Með þessari útgáfu er komið á framfæri undirstöðuritum sem hafa haft mótandi áhrif, m.a. á íslenska menningararfleifð.

Stöðugt er unnið að undirbúningi nýrra rita til útgáfu. Undirbúningurinn er kostnaðarsamur, enda ekki látið sitja við þýðingar einar, heldur fylgir vandaður inngangur og skýringar hverju riti. Með þessu móti er leitast við að færa hugsanir mikilla áhrifavalda í menningarsögu heimsins inn í íslenskt málumhverfi. Áhersla er á það lögð að velja fremur til útgáfu rit sem fjalla um huglæga þætti menningar og sögu – þætti sem tengjast grunnildum mannlegrar veru – en rit sem leggja fyrst og fremst áherslu á hlutlæga þekkingu og beitingu hennar til að leysa afnörkuð fræðileg og tæknileg viðfangsefni. Lærdómsritin hafa áunnið sér bæði virðingu og vinsældir lesenda – ekki síst háskólanema og nemenda á menntaskólastigi. Án efa má ekki síst þakka þetta þekkingu, fræðilegum metnaði og dugnaði fyrsta ritstjórans, Þorsteins Gylfasonar. Þá er vafalaust að hið handhæga og fallega snið sem Hafsteinn Guðmundsson bjó ritröðinni í upphafi á hér einnig sinn hlut. Ritstjórar Lærdómsritanna eru nú Björn Þorsteinsson og Eyja Margrét Brynjarsdóttir.

3. Almenn útgáfa

Hér verða rakin dæmi um almenna bókaútgáfu Bókmenntfélagsins síðustu fimm áratugi.

Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. Síðasta ritið í þessu safni kom út árið 1993 eða 140 árum eftir upphaf þess 1853. Segja má að útgáfa *Sögu Íslands* á vegum félagsins sem hófst 1974 hafi með nokkrum hætti leyst þetta brautryðjandi verk af hólmi.

Íslenskt fornbréfasafn. Á síðari árum hefur nokkuð verið unnið að undirbúningi frekari útgáfu fornra bréfa. Æskilegt væri að ljúka myndarlega útgáfu þessa merka safnrits sem félagið hóf útgáfu á um miðja nítjándu öld. Útgáfu sextánda bindis þessarar ritraðar lauk árið 1972. Enn liggja óbirt í söfnum landsins ýmis forn bréf sem mikils væri um vert að koma á prent og ljúka þannig þessari einstöku útgáfuröð sem hófst fyrir 158 árum. Til þess þarf fé og starfskrafta.

Annálar 1400–1800. Útgáfan hófst árið 1922, og árið 1990 tókst að ljúka texta annálanna í sex bindum. Árið 2002 lauk útgáfunni með tveimur bindum sem hafa að geyma skrár um öll fyrri bindin, mannanöfn, staðanöfn, bækur og rit

sem til er vitnað ásamt atriðaskrá. Annálarnir eru eitt mikilvægasta heimildarrit sem til er um sögu þjóðarinnar í fjórar aldir.

Miðaldaritröð er safn bóka þar sem íslensk miðaldarit eru birt í aðgengilegri útgáfu og einnig íslenskar þýðingar erlendra rita frá sama tíma. Auk *Nýja testamentisins* í þýðingu Odds Gottskálkssonar frá 1540 sem bókaforlagið Lögberg gaf út 1988 hafa birst á vegum Bókmenntafélagsins *Íslensk hómilíubók* 1993 og *Mariukver* 1996. Fjölmörg handrit frá miðöldum eru óbirt í söfnum hér á landi og væri verðugt að gefa út og sýna að á flestum tímum hafa Íslendingar fylgst vel með erlendum menningarstraumum. Miðaldaritin eiga sinn sess í Íslandssögunni engu síður en fornritin.

Saga Íslands er meðal meiri háttar viðfangsefna Bókmenntafélagsins á síðari árum, en útgáfa hennar hófst árið 1974 er minnst var þúsund ára byggðar í landinu. Árið 2009 kom út tíunda bindi verksins. Þetta verkefni var upphaflega unnið í samvinnu við Þjóðhátíðarnefnd, en þegar hún lauk störfum tók forsætisráðuneytið við sem styrktaraðili verksins. Unnið er að ritun ellefta bindis sem nær frá 1918 til þessa dags, og er það lokabindi. Stefnt er að því að útgáfunni verði lokið á þessu ári. Sigurður Línadal hefur frá upphafi verið ritstjóri þessa mikla verks. Meðritstjóri Sigurðar hefur á síðustu árum verið Pétur Hrafn Árnason.

Safn til iðnsögu Íslendinga er mikið heimildarrit um iðnsögu þjóðarinnar, en níu rit eru komin út, þar af tvö í tveimur bindum. Með þessari ritröð er í reynd verið að bjarga fróðleik um þann þátt atvinnusögunnar sem lýtur að iðnaði – fróðleik sem í mörgum tilfellum er hvergi til á bók, heldur einungis í minni aldráðs fólks. Að sínu leyti er þetta verk mjög skylt *Íslenskum þjóðháttum* eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili og *Íslenskum sjávarháttum* eftir Lúðvík Kristjánsson.

Staðir og kirkjur. Árið 1990 tók félagið við útgáfu þessarar ritraðar sem Hörður Ágústsson er helsti höfundur að. Áður en félagið tók við útgáfunni höfðu komið út tvö bindi í röðinni, *Skálholt, fornleifarannsóknir 1954–1958* eftir Kristján Eldjárn, Hákon Christie og Jón Steffensen 1988 og *Dómsdagur og helgir menn á Hólum* 1989 eftir Hörð Ágústsson. Árið 1990 kom út bók Harðar *Skálholt II, kirkjur*. Þar er lýst öllum þekktum kirkjum í Skálholti frá öndverðu til 1956. Árið 1992 kom svo út bók hans og Kristjáns Eldjárens *Skálholt III, skrúði, áhöld og bækur*. Síðan komu út eftir Hörð tvær bækur: *Laufás við Eyjafjörð, staðurinn* árið 2004 og loks *Laufás við Eyjafjörð, kirkjur og búnaður þeirra* árið 2012. Að Herði látnum hafði sonur hans Gunnar umsjón með útgáfu síðastnefndu bókarinnar. Hörður Ágústsson helgaði sig rannsóknum á íslenskri byggingarlist fyrri alda um margra ára skeið og gerir í þessari ritröð með miklum ágætum grein fyrir byggingarsögu og búnaði þriggja mikilvægra kirkjustaða. Ritroðin er mikilvægt framlag til að tryggja að þessum menningararfi verði skilað til komandi kynslóða.

Kirkjur Íslands er ritröð sem Þorsteinn Gunnarsson ritstýrir ásamt Jóni Torfasyni og geymir vandaðar lýsingar í myndum og máli á öllum vernduðum kirkjum á Íslandi. Útgáfan hófst árið 2001, og þegar eru út komin 23 bindi með lýsingum á 173 kirkjum. Líkt og ritroðin *Staðir og kirkjur* hefur þessi

bókaflokkur mikið gildi til að varðveita sögu byggingarlistar í landinu eins og hún birtist í kirkjubyggingum. Þessi útgáfa varðveitir heimildir um menningarsögu þjóðarinnar og stuðlar að verndun menningarminja.

Íslenskir arkitektar. Árið 2009 kom út fyrsta bókin í ritröð

Bókmenntafélagsins um ævi og störf virtra íslenskra arkitekta á 20. og 21. öld. Þessi fyrsta bók fjallar um Manfreð Vihjálmsson arkitekt og verk hans í máli og myndum. Ritstjórar bókarinnar eru Halldóra Arnardóttir og Pétur H.

Ármannsson. Önnur bókin sem fjallar um ævi og störf Gunnlaugs

Halldórssonar arkitekts í máli og myndum kom út 2014. Höfundur bókarinnar og ritstjóri er Pétur H. Ármannsson. Bók um Kristínu Guðmundsdóttur

innanhússarkitekt og verk hennar undir ritstjórn Halldóru Arnardóttur er tilbúin til útgáfu og kemur út á árinu 2015.

Íslensk heimspeki nefnist ritröð sem hófst 1982. Fyrsta bindið í röðinni er eftir

Pál Árdal prófessor og nefnist *Síðferði og mannlegt eðli*. Næsta bindi var rit

Sigurðar Nordal, *Einlyndi og marglyndi*. Síðar hafa komið út ellefu rit í

röðinni. Hið síðasta þeirra er *Ástarspekt*, safn greina eftir Stefán Snævar sem kom út árið 2004. Ritstjóri bókaflökksins er Salvör Nordal.

Íslensk menning er ritröð sem út er gefin í samvinnu við Reykjavíkur-

Akademíuna. Fyrsta bókin í þessum flokki kom út árið 1999, *Arfur og*

umbylting, rannsókn á íslenski rómantik eftir Svein Yngva Egilsson. Síðan

hafa birst ritin *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk* eftir Guðmund

Hálfðanarson 2001, *Skáldið í skriftinni, Snorri Sturluson og Egils saga* eftir

Torfa H. Tulinius 2004, *Frigg og Freyja, kvenleg goðmögn í heiðnum síð* eftir

Ingunni Ásdísardóttur 2007 og *Andlitsdrættir samtíðarinnar, síðustu*

skáldsögur Halldórs Laxness eftir Hauk Ingvarsson 2009. Ritstjórar

bókaflokksins eru Þorleifur Hauksson og Adolf Friðriksson.

Sálfræðirit. Í þessum flokki hafa þegar birst átta rit eftir íslenska og erlenda

höfunda, forna og nýja. Þar má nefna rit eftir Aristóteles um sálina, Sigmund

Freud um sálkönnun o.fl. og eftir Sigurjón Björnsson um sálkönnun og

sállækningar. Þá má nefna ritið *Frá sál til sálar* eftir Jörgen L. Pind sem fjallar

um ævi og störf Guðmundar Finnbogasonar og kom út 2006.

Umhverfisrit Bókmenntafélagsins er ritröð sem hóf göngu sína með útgáfu

bókarinnar *Náttúra, vald og verðmæti* eftir Ólaf Pál Jónsson 2007. Síðan hafa

komið út þrjú umhverfisrit, *Gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar* eftir

Halldór Björnsson 2008, *Þar sem fossarnir falla* eftir Unni Birnu Karlsdóttur

2010 og *Kolefnishringrásin* eftir Sigurð Reyni Gíslason 2012. Nokkur

umhverfisrit til viðbótar eru í undirbúningi. Ritstjóri umhverfisritanna er

Trausti Jónsson.

Jarðfræði. Fyrr var minnst á útgáfu félagsins á ritum Þorvalds Thoroddsen um

og eftir aldamótin 1900. Árið 2004 gaf félagið út *Jökla-rit* Sveins Pálssonar

(1762–1840) í enskri þýðingu með heitinu *Icelandic Ice Mountains, a Physical*

Geographical and Historical Description 1792–1794. Þetta rit er sannkallað

brautryðjandaverk um skýringu á eðli jökla. Ritið skrifaði Sveinn upphaflega á

dönsku og sendi það Vísindafélaginu danska. Ritið var þó ekki gefið út á þess

vegum fyrr en hlutar þess birtust á síðari hluta nítjándu aldar. Með útgáfu ritsins á ensku 2004 er þess freistað að kynna þennan íslenska ‘föður jöklafræðinnar’ fyrir erlendu vísindasamfélagi. Árið 2005 kom svo út hjá félaginu *Jarðhitabók* eftir Guðmund Pálmason.

Heilbrigðismál. Á þessu sviði skulu nefnd nokkur rit: *Líf og lækningar, íslensk heilbrigðissaga* eftir Jón Ólaf Ísberg 2005, *Líkami og sál, hugmyndir, þekking og aðferðir í hjúkrun* eftir Kristínu Björnsdóttur 2005, *Frá innsæi til inngrípa*, ritgerðasafn um hjúkrunar- og ljósmóðurfræði, ritstjóri Helga Jónsdóttir, 2006, og *Lausnarsteinar, ljósmóðurfræði og ljósmóðurlist*, ritgerðasafn, ritstjórar Helga Gottfreðsdóttir og Sigríður Inga Karlsdóttir, 2009.

Guðfræði og kirkjusaga. Félagið hefur á undanförunum árum gefið út allmargar bækur um guðfræði. Nefna ná bókina *Gissur biskup Einarsson og siðaskiptin* eftir Tryggva Þórhallsson 1989 og bækurnar *Byltingin að ofan, siðbreytingin á Íslandi* eftir Vilborgu Ísleifsdóttur 2013, *Guðfræði Marteins Lúthers* eftir Sigurjón Árna Eyjólfsson 2000. Á árunum 2003 til 2014 hefur félagið auk þess gefið út fjórar aðrar bækur eftir Sigurjón Árna, síðast *Trú, von og þjóð* 2014. Þá má nefna bók Péturs Péturssonar, *Trúmaður á tímamótum, ævisaga Haralds Nielssonar* 2011 og bækurnar *Marteinn Lúther, sviptmyndir úr siðbótarsögu* eftir Gunnar Kristjánsson 2014 og *Áhrifasögu Saltarans* eftir Gunnlaug A. Jónsson 2015.

Lögfræði. Á sviði lögfræði má nefna bókina *Lög og réttur* eftir Ólaf Jóhannesson 1975 og oftár, ritin *Óvígð sambúð* eftir Guðrúnu Erlendsdóttur 1988, *Skaðabótaréttur og Ökutæki og tjónsbætur* eftir Arnljót Björnsson 1993 og oftár, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir* eftir Stefán M. Stefánsson 2003 og *Hlutafélagaréttur* eftir sama höfund 2013, *Um lög og lögfræði* eftir Sigurð Líndal 2002, *Greinar úr réttarsögu* eftir Sigurð Líndal 2007 og *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, meginrættir* eftir Sigurð Líndal og Skúla Magnússon 2011.

Stjórn málafræði. Á þessu sviði má nefna tvö rit eftir Hannes Hólmstein Gissurarson sem félagið gaf út í samvinnu við Stofnun Jóns Þorlákssonar, *Hvar á maðurinn heima? – fimm kaflar úr sögu stjórn mála kenninga* 1994 og *Hádegisverðurinn er aldrei ókeypis, þættir í stjórn málahagfræði* 1997.

Hagfræði. Félagið birti árið 1880 fyrsta hagfræðirit sem út hafði komið á íslensku, *Auðfræði* eftir Arnljót Ólafsson. Á þessu sviði má frá síðari árum nefna ritin *Hagfræði, stjórn mála og menning* eftir Þorvald Gylfason 1991, *Evra, aðdragandi og afleiðingar* eftir Jón Sigurðsson 1999, *Frá kreppu til viðreisnar, þættir um hagstjórn á Íslandi 1930–1960*, ritstjóri Jónas H. Haralz, 2002 og *Háskaleg hagkerfi* eftir Þráin Eggertsson 2007.

Afmælisrit. Bókmenntafélagið hefur á síðari árum annast útgáfu allmargra afmælisrita til að minnast merkisafmæla virtra fræðimanna eða stofnana á ýmsum sviðum. Ýmist hafa þetta verið söfn ritgerða þeirra sem heiðraðir voru með útgáfu ritanna eða ritgerðir annarra fræðimanna á sama sviði sem fram eru lagðar í heiðursskyni. Kostnaður af þessari útgáfu á vegum félagsins er ávallt borinn af þeim sem leggja fé til útgáfunnar á heillaóskaskrá hvers rits eða með

öðrum hætti. Enginn vafi er á að með þessari útgáfu eru varðveittar ýmsar ritsmíðar sem hafa gildi til framtíðar.

Sagnfræði. Auk safnritanna sem getið var hér að framan ná nefna ýmis rit sagnfræðilegs eðlis sem félagið hefur gefið út á síðari árum og má nefna þessi:

Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld eftir Sigfús Jónsson 1984, alhliða fræðirit um íslenskan sjávarútveg.

Saga landhelgismálsins, baráttan fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur eftir Davíð Ólafsson, en Sumarliði Ísleifsson bjó til prentunar að höfundi látnum 1999.

Upplýsingin á Íslandi, ritstjóri Ingi Sigurðsson, 1990 er safn ritgerða sem lýsa áhrifum hinnar alþjóðlegu upplýsingarstefnu á átjándu öld á andlegt og efnalegt líf Íslendinga.

Utanríkisþjónusta Íslands, sögulegt yfirlit eftir Pétur J. Thorsteinsson 1992. Þetta þriggja binda yfirlitsverk var gefið út í samvinnu við utanríkisráðuneytið.

Gersemar og þarfaping – úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands, ritstjóri Árni Björnsson, 1994.

Eddas and sagas: Iceland's medieval literature eftir Jónas Kristjánsson 1988 og oftar.

Handritaspegil eftir Jónas Kristjánsson 1993, á ensku *Icelandic manuscripts* 1993 og oftar.

Sögubjóðin eftir Jónas Kristjánsson 2012.

Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands I–II eftir Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór 2013.

Auk þeirra bóka sem á var dregið hér að framan undir yfirskriftum sérstakra ritraða eða bókaflokka hefur félagið á síðustu áratugum gefið út fjölda einstakra bóka bæði á sviði fræða og fagurbókmennta sem of langt væri upp að telja, en þó skal getið nokkura rita af því tagi:

Bragur og ljóðstill eftir Óskar Halldórsson 1977 og oftar.

Með ritinu *Samhengi og samtíð I–III* eftir Sigurð Nordal lauk Bókmenntafélagið 1996 við heildarútgáfu á ritum Sigurðar, en Almenna bókafélagið hafði þá gefið út níu bindi safnsins, en ekki lokið verkinu. Jóhannes Nordal hafði umsjón með útgáfunni.

Íslensk–færeysk orðabók eftir Jón Hilmar Magnússon 2005 er merkt framlag til þess að tengja náskyld málsamfélög traustari böndum.

Undir hraundranga, úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson frá 19. öld til nútímans 2007. Ritið var gefið út í tilefni af því að tvær aldir voru liðnar frá fæðingu Jónasar.

Dögun vetnisaldar, róteindin tamin eftir Þorstein Sigfússon 2008. Baldur Arnarson þýddi ritið og staðfærði ásamt höfundi.

Jón Sigurðsson – hugsjónir og stefnumál – tveggja alda minning. Til þess að minnast þess að tvö hundruð ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta og máttarstólpa Bókmenntafélagsins í marga áratugi á nítjándu öld gaf félagið út þetta minningarrit á árinu 2011; ritstjóri þess var Jón Sigurðsson.

Stíll og bragur, um form og formgerðir íslenskra texta eftir Kristján Árnason 2013.

Samstarf við Fornritafélag og Sögufélag

Bókmenntafélagið hefur um langt skeið annast kynningu og dreifingu *Íslenskra fornrita* og sinnt nokkrum öðrum verkefnum fyrir Hið íslenska fornritafélag. Sögufélag flutti aðsetur sitt í húsnæði Bókmenntafélagsins í Skeifunni 2013 og hafa félögin getað nýtt sér samlegðaráhrif í kynningu og dreifingu. Um þetta samstarf hafa verið gerðir samningar við bæði félögin .

Fjölbreytt útgáfustarfsemi Bókmenntafélagsins hefur þann tilgang sem lýst er í lögum þess, að „ala önn fyrir að skráðar verði bækur og prentaðar, er þarflegar virðast almenningi, og enn fremur efla vísindi Íslendinga á allan hátt sem það best getur.”

Framundan bíða mörg verk til úgáfu. Hvað kemst í framkvæmd af verkefnum sem bíða ræðst vitaskuld af fjárhag félagsins sem er afar þröngur um þessar mundir, ekki síst vegna þess að stuðningur við félagið á fjárlögum hefur dregist mjög saman á síðustu árum.

Hin gamla menningarstofnun sem starfað hefur samfleytt í 199 ár lætur þó engan bilbug á sér finna. Vonir eru við það bundnar að unnt verði að minnast 200 ára afmælis félagsins á næsta ári með veglegum hætti, ekki síst með öflugum útgáfustarfi. Það þarf fleiri féлага og stuðningsmenn og aukinn stuðning bæði frá hinu opinbera og frá einkaaðilum svo að það geti haldið áfram af fullum krafti inn á þriðju starfsöldina.

Hlutverk Hins íslenska bókmenntafélags

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað árið 1816 og hefur starfað óslitið síðan. Það varð arftaki Hins íslenska lærdómslistafélags sem var stofnað 1779, en starfsemi þess hafði legið niðri í tvo áratugi þegar Bókmenntafélagið tók við þúi þess árið 1818. Þess eru fá dæmi meðal annarra þjóða og einsdæmi hér á landi að frjálst félag geti státað af slíkri hefð og sögu.

Í órofnu samhengi tungu og bókmennta frá upphafi Íslandsbyggðar til okkar daga er fölginn sérstaða íslenskrar menningar; það er sjálf líftaugin í sögu þjóðarinnar. Þetta samhengi er hvorki tilviljun né heldur sjálfgefið – yfir því þarf að vaka og vera stöðugt á varðbergi. Þetta á ekki síður við nú en þegar Bókmenntafélagið var stofnað því að nú streymir í vaxandi mæli yfir þjóðina margvíslegt og misjafnt efni á erlendum tungum í ólíkum myndum fjölmiðlunar. Bókmenntafélagið vill leggja sitt af mörkum til þessarar varðstöðu, en jafnframt tengja Íslendinga við hið besta í menntum og vísindalegri hugsun með öðrum þjóðum.

Í lögum félagsins er tilgangi þess lýst á þennan hátt:

Það er tilgangur félagsins að styðja og styrkja íslenska tungu og bókvísi og menntun og heiður hinnar íslensku þjóðar, bæði með bókum og öðru eftir því sem efni þess fremst leyfa.

Þetta hefur verið tilgangur félagsins þau nær 200 ár sem það hefur starfað.

Um leið og rekin er í landinu blómleg útgáfa sem ræðst af viðskiptahagsmunum verður ætíð þörf fyrir forlag er kappkostar að sinna því efni sem er fremur fallið til menningarauka en efnalegs ábata. Bókmenntafélagið er slíkt forlag.

Á síðari árum hefur útgáfa félagsins fallið í þrískiptan farveg, (1) útgáfa Skírnis, (2) útgáfa Lærdómsrita Bókmenntafélagsins sem er snar þáttur í útgáfunni, (3) fjölbreytt útgáfa bóka í samræmi við gróinn tilgang félagsins.

1. Skírnir – tímarit Hins íslenska bókmenntafélags

Skírnir er menningartímarit sem kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Félagið hóf útgáfu Skírnis 1826, og hefur hann því komið út samfellt í nær 190 ár sem er einsdæmi hér á landi og þótt víðar væri leitað. Framan af var Skírnir fréttarit, en frá 1905 hefur hann flutt fjölbreytt efni, ritgerðir og stuttar greinar um bókmenntir, sagnfræði, heimspeki, þjóðfélagsmál og stjórnmálafræði, vísindi, listir og þjóðlegan fróðleik auk ítarlegra ritdóma um bækur. Viðfangsefnið eru einatt skoðuð í sögulegu og heimspekilegu ljósi, og leitast er við að brjóta til mergjar jöfnum höndum málefni samtíðar og liðins tíma með gagnrýnu hugarfari. Skírnir er nú elsta og eitt virtasta menningartímarit á Norðurlöndum.

2. Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

Lærdómsrit Bókmenntafélagsins hafa frá því að útgáfa þeirra hófst árið 1970 haft nokkra sérstöðu í útgáfu félagsins. Þar birtast öndvegisrit hvaðanæva úr veröldinni á sviði margvíslegra fræða sem markað hafa spor í sögu mannsandans. Flest eru ritin þýdd úr erlendum málum af sérfróðum mönnum. Hver þýðing er síðan vandlega yfirfarin af öðrum sérfræðingum til þess að tryggja að hinn íslenski búningur sé verkinu verðugur. Í ritróðinni eru umfram allt fræðirit, en jafnframt skáldskaparrit sem talin eru marka tímamót í menningarsögu. Lærdómsritin eru öll auðlesin upplýstum almenningi. Hverju þeirra er fylgt úr hlaði með ítarlegum inngangi ásamt skýringum á efni ritsins. Þýðendur og inngangshöfundar eru jafnan valdir úr röðum fremstu fræðimanna íslenskra á hverju fræðasviði. Með útgáfu ritanna vill Bókmenntafélagið leggja sitt af mörkum til þess að tengja Íslendinga við hið besta í menntum og vísindalegri hugsun í veröldinni og auðga um leið íslenska tungu og bókvísi.

3. Almenn útgáfustarfsemi

Markmið almennrar útgáfustarfsemi félagsins er að koma á framfæri vönduðum ritum á sviði menningar- og atvinnusögu, fornum sem nýjum, sem varpað geti ljósi á samhengi íslenskrar menningar, jafnt verkmenningar sem bókmenningar, auk þess sem horft er til framtíðar. Félagið vill með útgáfustarfsemi sinni meðal annars halda á loft verkum höfunda frá fyrri öldum sem eru hlekkir í samhengi íslenskra bókmennta og mega ekki falla í gleymsku. Bókmenntafélagið er fræðafélag. Við stofnun þess merkti orðið bókmenntir hvers konar menntir sem bundnar eru við bækur og þá ekki síður fræði en skáldskap. Þessi skilningur ræður enn útgáfustarfi félagsins. Bókaútgáfa félagsins síðustu áratugi sýnir glögggt með fjölbreytni sinni og fræðilegum metnaði að það hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna í samtímanum í samræmi við þann tilgang félagsins að “ala önn fyrir að skráðar verði bækur og prentaðar er þarflegar virðast almenningi og enn fremur efla vísindi Íslendinga á allan hátt sem það best getur”. Framundan bíða mörg verk til útgáfu á vegum félagsins.

Á næsta ári á Bókmenntafélagið 200 ára afmæli og Skírnir 190 ára afmæli. Til þess að tryggja starfsemi félagsins til framtíðar þarf bráðnaðsynlega að auka efni þess svo að það geti haldið áfram af fullum krafti inn á þriðju starfsöldina.

Talnayfirlit yfir ríkisframlög til HÍB 2004–2015

Tafla 1. Ríkisframlög 2004–2015 á verðlagi hvers árs

Tafla 2. Verðvísitölur einkaneyslu og samneyslu 2004–2015

Tafla 3. Ríkisframlög til HÍB 2004–2015 á verðlagi fjárlaga 2015

Tafla 1.

7. maí 2015

**Ríkisframlög til HÍB 2005–2015 á verðlagi hvers árs samkvæmt fjárlögum
í milljónum króna**

Ár	m.kr.
2004	8,0
2005	11,0
2006	15,0
2007	20,0
2008	19,7
2009	10,0
2010	8,5
2011	12,1
2012	7,4
2013	7,3
2014	7,2
2015	7,2

Heimildir: Fjárlög hvers árs.

Tafla 2.

7. maí 2015

Verðvísitölur einkaneyslu og samneyslu 2004–2015

byggðar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands

Ár	VEN	VSN
2004	100,0	100,0
2005	104,1	104,7
2006	111,1	113,8
2007	116,6	121,4
2008	131,2	134,5
2009	146,9	148,1
2010	154,8	154,1
2011	161,0	160,3
2012	169,4	169,2
2013	176,0	176,5
2014 áætlun Hagstofu	179,5	183,1
2015 forsenda fjárlaga	184,4	191,7

Skýringar: Hér er verðvísitala einkaneyslu, VEN, miðuð við ársmeðaltöl vísitölu neysluverðs, skv. birtum tölum Hagstofunnar nema fyrir 2015 þar sem gert er ráð fyrir 3% hækkun sem fjárlagaforsendu. Verðvísitala samneyslu, VSN, er fengin frá þjóðhagsreikningsviði Hagstofunnar og er byggð á staðvirðingaraðferðum hennar, og er hér einnig miðað við ársmeðaltölur.

Ríkisframlög til HÍB 2004–2015 á verðlagi fjárlaga 2015

í milljónum króna á verðlagi fjárlaga ársins 2015
m.v. verðvísitölu einkaneyslu, VEN, og samneyslu, VSN.

Ár	VEN m.kr.	VSN m.kr.
2004	14,8	15,2
2005	19,5	20,1
2006	24,9	25,3
2007	31,6	31,6
2008	27,7	28,1
2009	12,6	13,0
2010	10,1	10,6
2011	13,9	14,5
2012	8,1	8,4
2013	7,6	7,9
2014 m.v áætlun Hagstofu	7,4	7,5
2015 m.v.forsendur fjárlaga	7,2	7,2

Skýringar: Hér er verðvísitala einkaneyslu, VEN, miðuð við ársmeðaltöl vísitölu neysluverðs, skv. birtum tölum Hagstofunnar fram til ársins 2014 en gert ráð fyrir 3% hækkun 2015. Verðvísitala samneyslu, VSN, er fengin frá þjóðhagsreikningasviði Hagstofunnar og er byggð á staðvirðingaraðferðum hennar, og er hér einnig miðað við ársmeðaltölur skv. upplýsingum Hagstofunnar..